

Ársskýrsla Vinnumálastofnunar vegna

Fæðingarorlofssjóðs

2025



VINNUMÁLA
STOFNUN

VINNUMÁLASTOFNUN

Ársskýrsla Vinnumálastofnunar
vegna Fæðingarorlofssjóðs 2025

Útgefandi:
Vinnumálastofnun

Ritstjóri:
Þórdís Helga Benediktsdóttir

Hönnun kápu:
Kría hönnunarstofa

Ársskýrsla Vinnumálastofnunar vegna

Fæðingarorlofssjóðs

2025



VINNUMÁLA
STOFNUN

Ársskýrsla Vinnumálastofnunar vegna Fæðingarorlofssjóðs

Fæðingarorlofssjóður er í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins og greiðslu fæðingarstyrks í umboði félags- og húsnæðismálaráðherra. Fæðingarorlofssjóður er á réttindasviði Vinnumálastofnunar og er staðsettur á Hvammstanga. Á starfsstöðinni starfa 14 manns, þar af tilheyra 12,5 stöðugildi verkefnum sjóðsins. Forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs er Þórdís Helga Benediktsdóttir.

Með 7. mgr. 6. gr. laga nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof, var í fyrsta skipti kveðið á um að Vinnumálastofnun skuli vinna skýrslu árlega um nýtingu réttinda samkvæmt lögunum. Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2021 og eiga við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2021 eða síðar.

Vinnumálastofnun hefur notið aðstoðar Ph.D. Ásdísar Aðalbjargar Arnalds, forstöðumanns við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands við vinnslu skýrslunnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Vinnumálastofnunar / Fæðingarorlofssjóðs



Unnur Sverrisdóttir / Þórdís Helga Benediktsdóttir



Efnisyfirlit

I. Réttur foreldra til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks.....	1
i. Tímalengd og skipting réttinda	1
ii. Greiðslufjárhæðir fæðingarorlofs og fæðingarstyrks	2
II. Fjöldi daga sem nýttur er af foreldrum	3
i. Framsal réttinda.....	5
ii. Framsal réttinda eftir aldri foreldra	5
iii. Nýting réttinda eftir greiðslutegundum	6
III. Hlutfall foreldra með tekjur yfir hámarksgreiðslum	9
IV. Tengsl fæðingarorlofsnýtingar og tekna	10
V. Lenging, framsal eða tilfærsla á rétti foreldris.....	12
VI. Greining á nýtingu réttinda eftir foreldrastöðu	14
VII. Aukinn réttur til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks.....	19
VIII.Dvalarstyrkur.....	21
IX. Foreldraorlof	23
X. Stafvæðing Fæðingarorlofssjóðs.....	24

I. Réttur foreldra til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks

Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020 frá 1. janúar 2021 kemur fram að sjálfstæður réttur hvors foreldris til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks er 6 mánuðir en foreldrum er heimilt að framselja allt að 6 vikur (1,5 mánuðir) af eigin rétti til hins foreldrisins.

Markmið laganna er sem fyrr að tryggja barni samvistir við báða foreldra og að gera þeim kleift að samræma fjölskyldu og atvinnulíf. Þá er foreldrum heimilt að dreifa rétti sínum á lengri tíma hvort heldur samhliða vinnu eða ekki og nýta réttinn á sama tíma. Greiðslur til foreldra ráðast af því hvort þeir hafa verið á innlendum vinnumarkaði, í fullu námi eða utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli.

i. Tímalengd og skipting réttinda

Í töflu 1 má sjá hvernig réttur foreldra til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks hefur þróast allt frá eldri lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 sem voru í gildi í 20 ár eða frá 1. janúar 2001. Allt fram til ársins 2020 var réttur foreldra 9 mánuðir sem skiptist þannig að hvort foreldri um sig átti sjálfstæðan rétt í 3 mánuði sem ekki var hægt að framselja. Auk þess áttu foreldrar sameiginlegan rétt í 3 mánuði sem þau gátu skipt sín á milli eða annað tekið í heild. Árið 2020 lengdist rétturinn í 10 mánuði með breytingalögum nr. 149/2019 og átti hvort foreldri um sig sjálfstæðan rétt í 4 mánuði sem ekki var hægt að framselja. Þá varð sameiginlegi rétturinn 2 mánuðir sem foreldrar gátu sem fyrr skipt sín á milli eða annað tekið í heild.

Tafla 1. Lengd og skipting réttar til töku fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks.

	Sjálfstæður réttur annars foreldris	Sjálfstæður réttur hins foreldris	Sameigin- legur réttur	Framseljan- legur réttur
Löggjöfin frá 2001 - 2019	3	3	3	
Löggjöfin árið 2020	4	4	2	
Löggjöfin frá 2021	6	6	-	1,5 mánuður hvort foreldri

Í gegnum árin hefur sú tímalengd sem foreldrar hafa haft til að nýta sinn rétt áður en hann fellur niður tekið nokkrum breytingum. Í töflu 2 má sjá að í upphafi höfðu foreldrar 18 mánuði til að nýta réttinn. Í kjölfar efnahagsþrenginga á árinu 2008 var tíminn lengdur í 36 mánuði og þannig stóð hann allt til ársins 2013. Það ár var tíminn færður niður í 24 mánuði þar sem hann er í dag.

Tafla 2. Tímalengd sem foreldrar geta nýtt sinn rétt.

Mánuðir	
Löggjöfin frá 2001 - 2008	18
Löggjöfin frá 2009 - 2012	36
Löggjög frá 2013	24

ii. Greiðslufjárhæðir fæðingarorlofs og fæðingarstyrks

Foreldrar á innlendum vinnumarkaði eiga rétt á tekjutengdum greiðslum sem nema 80% af meðaltali heildarlauna yfir tiltekið tímabil. Ákveðið hámark eða þak er þó á greiðslum en þannig var það ekki í upphafi.

Í töflu 3 má sjá hvernig fjárhæð hámarksgreiðslna hefur þróast í gegnum árin. Þannig var ekkert hámark á greiðslum á árunum 2001-2004. Hámarksgreiðslur komu fyrst til sögunnar á árinu 2005 og hækkuðu eftir það árlega fram að efnahagshruni. Í kjölfar efnahagshrunsins voru hámarksgreiðslur lækkaðar á árinu 2009. Þær tóku ekki að hækka að nýju fyrr en á árinu 2013. Eftir það hækkuðu þær ýmist í smáum skrefum eða stóðu í stað allt til 1. apríl 2024. Frá þeim tíma hafa hámarksgreiðslur hækkað reglulega og voru komnar í 800.000 kr. á mánuði á árinu 2025.

Tafla 3. Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

Hámarksupphæð		
2001 - 2004	Engin	
2005	480.000	
2006	504.000	
2007	518.600	
2008	535.700	
2009		
	01.01.-30.06.	400.000
	01.07.-31.12.	350.000
2010 - 2012		300.000
2013		350.000
2014		
	01.01.-14.10.	370.000
	15.10.-31.12.	500.000
2015 - 2017		500.000
2018		520.000
2019 - 2023		600.000
2024		
	01.01.-31.03.	600.000
	01.04.-31.12.	700.000
2025		800.000

Foreldrum á innlendum vinnumarkaði í 50-100% starfshlutfalli og 25-49% starfshlutfalli eru tryggðar ákveðnar lágmarksgreiðslur á mánuði ef meðaltal heildarlauna fer undir þær fjárhæðir. Þá eiga foreldrar sem eru í fullu námi og foreldrar sem eru utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli rétt á fæðingarstyrk. Í töflu 4 má sjá hvernig þessar fjárhæðir hafa þróast frá árinu 2001.


Tafla 4. Lágmarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og fæðingarstyrkir.

	Lágmarksupphæð	Lágmarksupphæð	Fæðingarstyrkur	Fæðingarstyrkur námsmanna
	fæðingarorlofs 50 - 100% starf	fæðingarorlofs 25 - 49% starf		
2001	79.077	57.057	35.037	79.077
2002	83.426	60.195	38.015	85.798
2003	86.096	62.121	39.232	88.544
2004	90.401	65.227	40.409	91.200
2005	93.113	67.184	41.621	93.113
2006	97.769	70.543	42.662	95.441
2007	100.604	72.589	43.899	98.209
2008	103.869	74.945	45.324	103.869
2009	113.902	82.184	49.702	113.902
2010	113.902	82.184	49.702	113.902
2011				
01.01.-31.05.	113.902	82.184	49.702	113.902
01.06.-31.12.	123.128	88.841	53.728	123.128
2012	127.437	91.950	55.608	127.437
2013	131.578	94.938	57.415	131.578
2014	135.525	97.786	59.137	135.525
2015	139.591	100.720	60.911	139.591
2016				
01.01.-15.10.	153.131	110.490	66.819	153.131
16.10.-31.12.	164.003	118.335	71.563	164.003
2017	164.003	118.335	71.563	164.003
2018	171.711	123.897	74.926	171.711
2019	177.893	128.357	77.624	177.893
2020	184.119	132.850	80.341	184.119
2021	190.747	137.233	83.233	190.747
2022	199.522	143.963	87.062	199.522
2023	210.695	152.025	91.937	210.695
2024	222.494	160.538	97.085	222.494
2025				
01.01.-30.06.	232.061	167.441	101.260	232.061
01.07.-31.12.	262.061	197.441	131.260	262.061

II. Fjöldi daga sem nýttur er af foreldrum

Sjálfstæður, óframseljanlegur réttur feðra til fæðingarorlofs var innleiddur í áföngum. Árið 2001 var réttur þeirra einn mánuður, tveir mánuðir árið 2002 og þrír mánuðir árið 2003. Mynd 1 sýnir að mikill meirihluti feðra hefur sótt um fæðingarorlof frá því lög um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi árið 2001. Strax fyrsta árið nýttu 82% feðra rétt sinn til fæðingarorlofs og flest árin fram til ársins 2020 hefur hlutfallið verið rétt undir 90% ef frá eru talin árin eftir efnahagsþrengingar, þegar þak á greiðslum var sem lægst. Nú liggja fyrir endanlegar tölur vegna fæðingaráranna 2022 og 2023 en varast ber að rýna of mikið í tölur fyrir árin 2024 og 2025 þar sem foreldrar hafa tvö ár til að nýta rétt sinn.

Myndin sýnir jafnframt að meðalfjöldi daga sem nýttur er af feðrum er mjög í takt við óframseljanlegan rétt þeirra. Þannig nýttu þeir t.d. að meðaltali 39 daga þegar réttur þeirra var einn mánuður árið 2001 en 97 daga þegar þeir höfðu öðlast rétt til þriggja mánaða árið 2003. Árið 2020 var óframseljanlegur réttur feðra lengdur í fjóra mánuði og óframseljanlegur réttur feðra barna fædd 2021 og síðar er 4,5 mánuður. Meðalfjöldi daga, sem nýttur er af feðrum, hefur aukist við þessar breytingar. Við það að óframseljanlegur réttur feðra jókst úr þremur í fjóra mánuði árið 2020 jókst nýting þeirra úr 91 í 115 daga að meðaltali og þegar óframseljanlegur réttur feðra varð 4,5 mánuðir árið 2021 hækkaði meðalfjöldi daga nýttur af feðrum í 131 dag og var 130 dagar árið 2023. Þá sýnir mynd 1 að hlutfall umsókna feðra af umsóknum mæðra, sem nýttu sér rétt til fæðingarorlofs í kjölfar nýju löggjafarinnar hefur hækkað í 92% og hefur aldrei verið hærra.



Ath. Óframseljanlegur réttur feðra var 3 mánuðir árin 2003-2019, 4 mánuðir árið 2020 og 4,5 mánuður árið 2021. *Bráðabirgðatölur fyrir 2024 og 2025

Mynd 1. Fæðingarorlofsnýting mæðra og feðra 2001 til 2025¹

Mynd 1 sýnir einnig glögglega að mæður hafa yfirleitt nýtt sameiginlegan rétt foreldra á árunum 2001-2020 og þann rétt sem þeim hefur verið heimilt að framselja sín á milli frá árinu 2021.

¹ Í fyrri ársskýrslum birti Mynd 1 hlutfall feðra sem fullnýta ekki óframseljanlegan rétt sinn. Ársskýrsla Fæðingarorlofssjóðs 2025 sýnir ekki þetta hlutfall þar sem hugtakið „fullnýtir“ getur falið í sér breiðan hóp, allt frá feðrum sem taka ekkert fæðingarorlof yfir í feður sem taka einum degi minna en þeirra óframseljanlegi réttur er. Hlutfallið þótti því ekki gefa góða mynd af fæðingarorlofsnýtingu feðra.

i. Framsal réttinda

Tafla 5 birtir hlutfall foreldra sem hafa framselt rétt sinn til hins foreldrisins árin 2023, 2024 og 2025. Af 4.321 umsóknum þeirra sem nýttu fæðingarorlof vegna barna sem voru fædd árið 2023 var sjálfstæður réttur færður yfir á hitt foreldrið, að hluta eða í heild, í 3.232 tilfella (75%). Eins og sjá má í töflu 5, var sjálfstæður réttur undantekningalítið færður frá föður til móður.


Tafla 5. Framsal á sjálfstæðum rétti þeirra sem nýttu fæðingarorlof 2023-2025.

	2023			2024*			2025*		
	Fjöldi	% af fjölda umsókna	% af framsali	Fjöldi	% af fjölda umsókna	% af framsali	Fjöldi	% af fjölda umsókna	% af framsali
Framsal til föður	152	4%	5%	156	4%	5%	79	2%	3%
Framsal til móður	3080	71%	95%	3029	69%	95%	2407	53%	97%
Framsal - heild	3232	75%		3185	77%		2486	55%	
Fjöldi umsókna um fæðingarorlof	4321			4401			4505		


*Bráðabirgðatölur

ii. Framsal réttinda eftir aldri foreldra


Myndir 2, 3 og 4 sýna hlutfall framsals á sjálfstæðum rétti, greint eftir aldri mæðra og feðra. Ef rýnt er í nýtingu foreldra sem áttu barn árið 2025 sést að yngstu foreldrarnir, þ.e. þeir sem voru 25 ára eða yngri, voru ólíklegri til að framselja sjálfstæðan rétt sinn til hins foreldrisins en eldri foreldrar. Þessar tölur kunna þó að breytast eftir því sem fram líður þar sem um er að ræða bráðabirgðaniðurstöður fyrir árin 2024 og 2025 og skal niðurstöðum því tekið með fyrirvara.



Mynd 2. Framsal á sjálfstæðum rétti 2023, greint eftir aldri móður og föður.




Mynd 3. Framsal á sjálfstæðum rétti 2024, greint eftir aldri móður og föður.



Mynd 4. Framsal á sjálfstæðum rétti 2025, greint eftir aldri móður og föður.


iii. Nýting réttinda eftir greiðslutegundum

Mynd 5 sýnir meðaltals nýtingu feðra eftir því hvort þeir fá launatengdar greiðslur eða fæðingarstyrk. Myndin sýnir að nýting hefur almennt verið minnst meðal starfsmanna. Lengi vel var svipuð nýting meðal starfsmanna og þeirra sem fengu fæðingarstyrk utan vinnumarkaðar en eftir lagabreytinguna 2021 jókst meðalnýting þeirra sem fengu fæðingarstyrk utan vinnumarkaðar umfram meðalnýtingu starfsmanna. Þó ber að varast að rýna of mikið í tölur fyrir 2024 og 2025 þar sem foreldrar hafa tvö ár til að nýta rétt sinn.




Mynd 5. Meðalfjöldi daga nýttur af feðrum árin 2008-2025, greindur eftir tegund orlofs.

Mynd 6 sýnir meðaltals nýtingu mæðra, eftir því hvort þær fengu launatengdar greiðslur eða fæðingarstyrk. Nýtingin er lægst meðal þeirra sem hafa fengið fæðingarstyrk utan vinnumarkaðar en mæður sem fá launatengdar greiðslur nýta flesta daga að meðaltali.




Mynd 6. Meðalfjöldi daga nýttur af mæðrum árin 2008-2025, greindur eftir tegund orlofs.

Mynd 7 sýnir að af þeim feðrum sem fá fæðingarorlof starfsmanna nýttu yngstu feðurnir, þ.e. þeir sem eru yngri en 25 ára, almennt flesta daga að meðaltali fram til ársins 2018. Hin síðustu ár hefur þróunin aftur á móti snúist við og nýtir yngsti aldurshópurinn fæsta daga að meðaltali.




Mynd 7. Meðalfjöldi daga nýttur af feðrum með launatengdar orlofsgreiðslur árin 2008-2025 greindur eftir aldri feðra.

Lítill sem enginn aldursmunur var á meðallengd orlofs meðal mæðra sem fengu fæðingarorlof starfsmanna á árunum 2008 til 2021. Mæður nýttu ríflega 180 daga að meðaltali fram til ársins 2021 óháð aldri. Svo virðist sem lenging orlofsins árið 2021 kalli fram nokkurn aldursmun meðal mæðra þar sem nýtingin er mest meðal elstu mæðranna en minnst meðal yngstu mæðranna, sjá mynd 8.



Mynd 8. Meðalfjöldi daga nýttur af mæðrum með launatengdar orlofsgreiðslur árin 2008-2025 greindur eftir aldri mæðra.

Myndirnar hér að framan sýna meðaltalsnýtingu foreldra sem á annað borð nýta eitthvað fæðingarorlof. Gögn Fæðingarorlofssjóðs veita takmarkaðar upplýsingar um feður sem ekki nýta orlof þar sem þeir hafa ekki sótt um greiðslur úr sjóðnum. Þó er unnt að greina hlutfall feðra sem ekki nýta rétt sinn eftir einkennum mæðra, t.d. aldri þeirra. Mynd 9 sýnir að frá 2008 að 2019 undanskildu, eru minnst líkur á að feður nýttu rétt til fæðingarorlofs ef móðir var yngri en 25 ára.




Mynd 9. Hlutfall feðra sem ekki nýta rétt sinn til fæðingarorlofs eftir aldri móður.²

III. Hlutfall foreldra með tekjur yfir hámarksgreiðslum

Þegar fyrstu hámarksgreiðslurnar komu til sögunnar eða þak á greiðslur var það svo hátt að einungis lítill hluti mæðra og feðra rákust í það. Fæðingarárið 2005 voru einungis 7% feðra og 2% mæðra með tekjur yfir þaki á greiðslur. Þakið var síðan lækkað verulega vegna efnahagsþrenginga haustið 2008. Við árslok 2009 var þakið komið niður í 350 þúsund krónur en hafði verið 536 þúsund krónur árið áður.

Mynd 10 sýnir að við það að þak á greiðslur lækkaði, jókst til muna hlutfall foreldra sem var með tekjur yfir þakinu og þá sérstaklega hlutfall feðra sem að jafnaði eru með hærri tekjur en mæður. Þakið stóð í stað frá 2019 til 1. apríl 2024 en þá hækkaði það í 700 þúsund krónur hjá þeim foreldrum sem áttu ótekið fæðingarorlof á því tímamarki.

Um nýbreytni var að ræða við hækkun á þakinu en fram að þessari breytingu höfðu hækkanir í öll skipti nema eitt³ átt við um foreldra barna sem fædd voru 1. janúar eða síðar. Þakið var hækkað í 800 þúsund krónur með börnum fæddum frá og með 1. janúar 2025.




*Bráðabirgðatölur fyrir 2024 og 2025

Mynd 10. Meðaltekjur mæðra og feðra, upphæð þaks á greiðslur og hlutfall mæðra og feðra sem eru yfir þaki á greiðslur árin 2005-2025.


IV. Tengsl fæðingarorlofsnýtingar og tekna

Nokkur tengsl eru á milli tekna og fæðingarorlofsnýtingar. Þar sem Fæðingarorlofssjóður hefur einungis upplýsingar um tekjur þeirra foreldra á vinnumarkaði sem sótt hafa um greiðslur í fæðingarorlofi sýnir mynd 11 einungis orlofsnýtingu hjá þessum hópi feðra. Myndin sýnir að fram að efnahagshruni var tiltölulega lítill munur á orlofslengd feðra eftir því hvaða tekjuhópi þeir tilheyrðu. Þetta breyttist eftir að þak á greiðslur var lækkað í kjölfar hrunsins. Munur milli tekjuhópa jókst og feður með tekjur í hæsta fjórðungi fóru frá því að nýta flesta daga að meðaltali í það að nýta fæsta daga og þannig hefur það verið síðan.



Mynd 11. Tengsl fæðingarorlofsnýtingar feðra og tekna (í fjórðungum) árin 2008-2025.

Mynd 12 sýnir samskonar greiningu fyrir mæður. Þar sést að mæður í lægsta tekjufjórðungnum nýttu fæsta daga að meðaltali. Þannig er töluverður munur á tengslum fæðingarorlofsnýtingar og tekna eftir því hvort um mæður eða feður er að ræða. Á meðan feður í lægsta tekjufjórðungnum hafa nýtt flesta daga að meðaltali undanengin 10 ár, nýta mæður í lægsta tekjufjórðungnum að meðaltali færri daga en mæður í öðrum, þriðja og fjórða tekjufjórðungi. Myndin sýnir að þessi munur á milli mæðra í lægsta tekjufjórðungnum og annarra mæðra hefur aukist með tilkomu gildandi laga frá árinu 2021.



Mynd 12. Tengsl fæðingarorlofsnýtingar mæðra og tekna eftir tekjufjórðungum árin 2008-2025.

V. Lenging, framsal eða tilfærsla á rétti foreldris

Í gegnum árin hefur tilvikum fjölgað í lögum um fæðingar- og foreldraorlof sem heimila lengingu, framsal eða tilfærslu á rétti foreldris til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks. Þessi tilvik eiga það sammerkt að ákveðinn ómöguleiki er á samvistum barns við báða foreldra í fæðingarorlofi eða barnið á einfaldlega aðeins eitt foreldri. Við þessar aðstæður þykir rétt að þau börn sem eiga í hlut eigi möguleika á að njóta samvista við foreldri í jafn langan tíma og önnur börn. Þá hafa þessar aðstæður ekki verið taldar stefna markmiðum laganna, annars vegar að tryggja barni samvistir við báða foreldra og hins vegar að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, í hættu.

Í gildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020 geta eftirfarandi aðstæður leitt til þess að eitt foreldri fái allt að 12 mánaða rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks:

- a) Ef annað foreldrið andast áður en það hefur fullnýtt rétt sinn.
- b) Ef foreldri andast á meðgöngu og barnið fæðist lifandi.
- c) Ef foreldri er ófært að annast um barn sitt á fyrstu 24 mánuðum eftir fæðingu þess vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss.
- d) Ef foreldri afplánar refsivist á fyrstu 24 mánuðum eftir fæðingu barns.
- e) Einhleypar konur sem hafa gengist undir tæknifrjóvgun og einhleypt foreldri sem frumættleiðir barn eiga rétt á 12 mánaða rétti.
- f) Ef foreldri er ekki fært um að uppfylla skyldur sínar til að feðra barn.
- g) Ef foreldri er gert að sæta nálgunarbanni gagnvart barni sínu eða hinu foreldrinu og/eða brottvísun af heimili á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess.
- h) Ef annað foreldrið á engan rétt hér á landi né sjálfstæðan rétt í öðru ríki.
- i) Ef forsjárlaust foreldri hefur ekki umgengni við barnið á grundvelli niðurstöðu lögmæts stjórnvalds eða dómstóla eða ef fyrir liggur niðurstaða lögmæts stjórnvalds eða dómstóla um að umgengni forsjárlausa foreldrisins skuli vera verulega takmörkuð, svo sem undir eftirliti.

Tafla 7 sýnir að hlutfall lengingar, framsals og tilfærsla réttinda hefur aukist með árunum og þá sérstaklega með tilkomu laganna frá árinu 2021. Er það fyrst og fremst vegna þess að nokkur hluti foreldra hefur haft tök á að nýta alla 12 mánuðina vegna réttindaleyfis hins foreldrisins sem ekki var mögulegt í eldri lögum.

Tafla 6. Framsal og tilfærslur á sjálfstæðum rétti til fæðingarorlofs árin 2012-2025.

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024*	2025*
Möguleikar á tilfærslu frá 2008														
Andlát hins foreldris á meðgöngu										2				
Andlát maka	4	3	2	2	5	2	3	1		3	2	1	3	
Eitt foreldri	2	18	18	18	20	22	32	48	38	38	67	59	42	57
Fangelsisvist	2	2	1				2	1	1		1			
Sjúkdómar eða slys	4	6	4	5	1	6	10	5	5	15	14	9	9	5
Möguleikar á tilfærslu frá 2021														
Nálgunarbann											1			
Ófeðrað barn										2	1	2	3	2
Forsjárlaus t foreldi með skerta/enga umgengni										1				
Réttindaleyfi hins foreldris										23	35	24	36	15
Heildarfjöldi tilfærslna	12	29	25	25	26	30	47	55	44	84	121	95	93	79
Heildarfjöldi umsókna	4540	4306	4355	4082	4003	4079	4274	4498	4551	4898	4430	4321	4401	4505
Hlutfall tilfærslna af fjölda umsókna	0,3%	0,7%	0,6%	0,6%	0,6%	0,7%	1,1%	1,2%	1,0%	1,7%	2,7%	2,2%	2,1%	1,8%

*Bráða birgðatölur

VI. Greining á nýtingu réttinda eftir foreldrastöðu

Skilyrði fyrir því að foreldri geti nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks er að það fari með forsjá barns eða fari sameiginlega með forsjá þess ásamt hinu foreldrinu þann tíma sem það nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks.

Þrátt fyrir framangreint getur foreldri sem ekki fer með forsjá barns nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks þegar fyrir liggur samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof eða fæðingarstyrkur forsjárlausa foreldrisins stendur yfir. Hið sama gildir þegar fyrir liggur samningur milli forsjárlausa foreldrisins og forsjárforeldrisins, sem sýslumaður hefur staðfest, um umgengni forsjárlausa foreldrisins við barnið þann tíma sem forsjárlausa foreldrið nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks eða þegar fyrir liggur niðurstaða lögmæltis stjórnvalds eða dómstóla um umgengni forsjárlausa foreldrisins við barnið þann tíma sem foreldrið nýtir rétt sinn til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks.

Í gagnagrunni Fæðingarorlofssjóðs er hægt að kalla fram upplýsingar um þá foreldra sem fengið hafa skráninguna forsjárlaus við töku fæðingarorlofs. Hafi foreldri aftur á móti verið í hjúskap, skráðri sambúð eða farið með forsjá barns við töku fæðingarorlofs fær það ekki skráninguna forsjárlaus í gagnagrunni Fæðingarorlofssjóðs.

Í þeim tilvikum þegar báðir foreldrar sækja um greiðslur en bara annað þeirra fer með forsjá barns en hitt er forsjárlaust eru þau í þessari greiningu bæði talin með í hópnum „Báðir foreldrar sækja um, forsjárlaus“.

Sjálfstæður réttur hvors foreldris fyrir sig er 6 mánuðir eða 180 dagar, þó er heimilt að framselja allt að 6 vikur til hins foreldrisins sem getur þá tekið 7,5 mánuði eða 225 daga. Þá getur réttur foreldris lengst í allt að 12 mánuði eða 360 daga við þær aðstæður sem lýst er í kafla V hér að framan um lengingu, tilfærslu eða framsal á rétti foreldris. Í þessum kafla er orðið tilfærsla notað sem samheiti yfir þær aðstæður.

Endanlegar tölur liggja nú fyrir um nýtingu foreldra á sjálfstæðum rétti sínum og tilfærsluréttindum fæðingarárin 2021-2023, sbr. töflu 7. Auk þessara réttinda kunna foreldrar að eiga aukinn rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks, sjá nánar um það í kafla VII hér á eftir en þau réttindi eru ekki hluti af töflu 7.

Tafla 7. Nýting réttinda eftir foreldrastöðu fæðingarárin 2021-2023.

	2021			2022			2023		
	Fj umsækj			Fj umsækj			Fj umsækj		
	Hlutfall af heild			Hlutfall af heild			Hlutfall af heild		
		Meðaldagafj.		Meðaldagafj.		Meðaldagafj.		Meðaldagafj.	
Báðir foreldrar sækja um	8.220	91,35%	168	7.522	91,85%	169	7.322	91,66%	169
Báðir foreldrar sækja um, forsjá	7.358	81,77%	168	6.692	81,72%	179	6.434	80,55%	173
Báðir foreldrar sækja um, forsjárleysi	862	9,58%	169	830	10,14%	169	888	11,12%	168
Tilfærsla	11	-	-	6	-	-	3	-	-
Eitt foreldri sækir um	778	8,65%	206	667	8,15%	215	666	8,34%	210
Eitt foreldri sækir um, forsjá	461	5,12%	197	369	4,51%	190	343	4,29%	194
Eitt foreldri sækir um, forsjárleysi	244	2,71%	181	183	2,23%	185	231	2,89%	181
Tilfærsla	73	0,81%	353	115	1,40%	343	92	1,15%	353
Umsækjendur alls	8.998	100,00%		8.189	100,00%		7.988	100,00%	

Fæðingarárið 2021

Í töflu 7 kemur fram að heildarfjöldi umsækjenda fæðingarárið 2021 var 8998.

Báðir foreldrar sækja um

Í miklum meirihluta tilvika sóttu báðir foreldrar um greiðslur og fengu greitt með barni sínu eða í 8220 tilvika sem gerir 91,35% foreldra og var meðalnýting þeirra 168 dagar eða 93% af þeim rétti sem þeir hefðu getað nýtt sér.

Eitt foreldri sækir um

Í miklum minnihluta tilvika sótti bara eitt foreldri um greiðslur eða í 778 tilvika sem gerir 8,65% foreldra af heildinni og var meðalnýting þeirra 206 dagar.

Í 461 málum af þessum 778 málum (5,12% af heildinni) voru foreldrar í hjúskap eða sambúð við fæðingu barns og fóru því sameiginlega með forsjá. Þar af voru mæður 339 og feður 122. Meðalnýting daga hjá þeim var 197 dagar. Þá voru 73 mál þar sem einungis eitt foreldri var til staðar eða 0,81% af heildinni. Í þeim málum skapast allt að tólf mánaða réttur til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks. Í þessum hópi var meðalnýting daga 353 dagar af 360 dögum eða 98% af réttinum.

Í 244 málum var staðan þannig að bara annað foreldrið fór með forsjá barnsins eða 2,71% tilvika og það eða forsjárlausu foreldrið tók fæðingarorlof. Þar af voru mæður 192 sem fóru með forsjá barnsins og 52 feður sem voru forsjárlausir. Meðalnýting daga hjá þessum hópi var 181 dagar.

Einstæðir foreldrar

Heildarfjöldi mála á bakvið 8998 umsækjendur fæðingarárið 2021 voru 4898 mál. Þar af voru 675 mál þar sem annað foreldrið fór með forsjá barns sem gerir 13,8% mála af heildinni. Af

Þessum 675 málum sóttu báðir foreldrarnir um fæðingarorlof í 431 málum sem gerir 64% þessara tilvika eða tæplega 9% af heildinni.

Eftir standa þá 244 mál þar sem bara annað foreldrið fór með forsjá og það eða forsjárlausa foreldrið tók fæðingarorlof sem gerir 36% þessara tilvika eða tæplega 5% af heildinni. Þar af voru 192 mæður sem fóru með forsjá eða tæplega 4% af heildinni og 52 feður sem voru forsjárlausir eða rúmlega 1% af heildinni.

Fæðingarárið 2022

Í töflu 7 kemur fram að heildarfjöldi umsækjenda fæðingarárið 2022 var 8198.

Báðir foreldrar sækja um

Í miklum meirihluta tilvika sóttu báðir foreldrar um greiðslur og fengu greitt með barni sínu eða í 7522 tilvika sem gerir 91,85% foreldra og var meðalnýting þeirra 169 dagar eða 94% af þeim rétti sem þeir hefðu getað nýtt sér.

Eitt foreldri sækir um

Í miklum minnihluta tilvika sótti bara eitt foreldri um greiðslur eða í 667 tilvika sem gerir 8,15% foreldra af heildinni og var meðalnýting þeirra 215 dagar.

Í 369 málum af þessum 667 málum (4,51% af heildinni) voru foreldrar í hjúskap eða sambúð við fæðingu barns og fóru því sameiginlega með forsjá. Þar af voru mæður 258 og feður 124. Meðalnýting daga hjá þeim var 190 dagar. Þá voru 115 mál þar sem einungis eitt foreldri var til staðar eða 1,40% af heildinni. Í þeim málum skapast allt að tólf mánaða réttur til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks. Í þessum hópi var meðalnýting daga 343 dagar af 360 dögum eða 95% af réttinum.

Í 183 málum var staðan þannig að bara annað foreldrið fór með forsjá barnsins eða 2,23% tilvika og það eða forsjárlausa foreldrið tók fæðingarorlof. Þar af voru mæður 152 sem fóru með forsjá barnsins og 40 feður sem voru forsjárlausir. Meðalnýting daga hjá þessum hópi var 185 dagar.

Einstæðir foreldrar

Heildarfjöldi mála á bakvið 8189 umsækjendur fæðingarárið 2022 voru 4430 mál. Þar af voru 598 mál þar sem annað foreldrið fór með forsjá barns sem gerir 13,5% mála af heildinni. Af þessum 598 málum sóttu báðir foreldrarnir um fæðingarorlof í 415 málum sem gerir 69% þessara tilvika eða rúmlega 9% af heildinni.

Eftir standa þá 183 mál þar sem bara annað foreldrið fór með forsjá og það eða forsjárlausa foreldrið tók fæðingarorlof sem gerir rúmlega 31% þessara tilvika eða rúmlega 4% af heildinni. Þar af voru 146 mæður sem fóru með forsjá eða rúmlega 3% af heildinni og 40 feður sem voru forsjárlausir eða tæplega 1% af heildinni.

Fæðingarárið 2023

Í töflu 7 kemur fram að heildarfjöldi umsækjenda fæðingarárið 2023 var 7988.

Báðir foreldrar sækja um

Í miklum meirihluta tilvika sóttu báðir foreldrar um greiðslur og fengu greitt með barni sínu eða í 7322 tilvika sem gerir 91,66% foreldra og var meðalnýting þeirra 169 dagar eða 94% af þeim rétti sem þeir hefðu getað nýtt sér.

Eitt foreldri sækir um

Í miklum minnihluta tilvika sótti bara eitt foreldri um greiðslur eða í 666 tilvika sem gerir 8,34% foreldra af heildinni og var meðalnýting þeirra 210 dagar.

Í 343 málum af þessum 666 málum (4,29% af heildinni) voru foreldrar í hjúskap eða sambúð við fæðingu barns og fóru því sameiginlega með forsjá. Þar af voru mæður 187 og feður 156. Meðalnýting daga hjá þeim var 194 dagar. Þá voru 92 mál þar sem einungis eitt foreldri var til staðar eða 1,15% af heildinni. Í þeim málum skapast allt að tólf mánaða réttur til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks. Í þessum hópi var meðalnýting daga 353 dagar af 360 dögum eða 98% af réttinum.

Í 231 málum var staðan þannig að bara annað foreldrið fór með forsjá barnsins eða 2,89% tilvika og það eða forsjárlausa foreldrið tók fæðingarorlof. Þar af voru mæður 130 sem fóru með forsjá barnsins og 101 feður sem voru forsjárlausir. Meðalnýting daga hjá þessum hópi var 181 dagar.

Einstæðir foreldrar

Heildarfjöldi mála á bakvið 7988 umsækjendur fæðingarárið 2023 voru 4321 mál. Þar af voru 675 mál þar sem annað foreldrið fór með forsjá barns sem gerir 15,6% mála af heildinni. Af þessum 675 málum sóttu báðir foreldrarnir um fæðingarorlof í 444 málum sem gerir 66% þessara tilvika eða rúmlega 10% af heildinni.

Eftir standa þá 231 mál þar sem bara annað foreldrið fór með forsjá og það eða forsjárlausa foreldrið tók fæðingarorlof sem gerir 34% þessara tilvika eða rúmlega 5% af heildinni. Þar af

voru 159 mæður sem fóru með forsjá eða rúmlega 3% af heildinni og 72 feður sem voru forsjárlausir eða tæplega 2% af heildinni.

VII. Aukinn réttur til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks

Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020 getur skapast aukinn réttur til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks við ákveðnar aðstæður og kemur sá réttur þá til viðbótar þeim 12 mánaða rétti sem almennt skapast við fæðingu barns.

Um er að ræða eftirfarandi tilvik:

- a) Við fjölbura fæðingar eiga foreldrar sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks í 6 mánuði fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist á lífi. Hið sama gildir þegar foreldrar frumættleiða eða taka fleiri en eitt barn í varanlegt fóstur á sama tíma. Fram til ársins 2025 var þessi réttur 3 mánuðir fyrir hvert barn umfram eitt en var lengdur í 6 mánuði frá 1. júlí 2025.
- b) Ef öryggi og heilbrigði barnshafandi móður, sem er starfsmaður, er stefnt í hættu vegna vinnuskilyrða eða vinnutíma, samkvæmt sérstöku mati, er heimilt að veita henni lengri rétt til fæðingarorlofs sé vinnuveitanda ekki unnt að bregðast við með því að breyta vinnuskilyrðum eða vinnutíma hennar af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum eða fela henni önnur verkefni.
- c) Barnshafandi móðir sem þarf að fá leyfi frá störfum eða þarf að hætta atvinnuleit á meðgöngu vegna heilsufarsástæðna sem tengjast meðgöngunni getur átt rétt á lengingu fæðingarorlofs um allt að 2 mánuði.
- d) Móðir sem fætt hefur barn getur átt rétt á lengingu fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks um allt að 2 mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar sem rakin verða til fæðingarinnar og hún er af þeim völdum ófær að annast um barn sitt.
- e) Frá 1. júlí 2025 hefur móðir sem fætt hefur barn einnig getað átt rétt á lengingu fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks um allt að 2 mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar sem rakin verða til meðgöngunnar og hún er af þeim völdum ófær að annast um barn sitt.
- f) Heimilt er að lengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks um allt að 7 mánuði þegar barn þarf að dveljast lengur á sjúkrahúsi í beinu framhaldi af fæðingu eða ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika hjá barni eða alvarlega fötlun barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

Í töflu 8 má sjá að algengasta ástæða aukins réttar til fæðingarorlofs á árinu 2023 var vegna veikinda barnshafandi mæðra á meðgöngu. Á því ári fengu 265 mæður lengra fæðingarorlof

vegna heilsufarsástæðna sem tengdust meðgöngunni og var meðaldagafjöldi á hverja móður rúmlega 45 dagar eða 1,5 mánuðir.

Tafla 8. Aukinn réttur til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks 2023-2025.

Umfram réttindi	2023		2024*		2025*	
	Fjöldi umsækjanda	Dagar að meðaltali	Fjöldi umsækjanda	Dagar að meðaltali	Fjöldi umsækjanda	Dagar að meðaltali
Fjölbura-fæðing	63	82,3	62	97,1	61	126,8
Lenging barnshafandi foreldris v/ öryggisást.	53	102,5	58	130,4	83	138,8
Veikindi barnshafandi foreldris á meðgöngu	265	45,3	324	46	276	45,6
Veikindi barnshafandi foreldris í tengslum við fæðingu	39	48,1	28	36,9	23	48,9
Veikindi barnshafandi foreldris eftir fæðingu v/meðg					2	60
Framlenging v/ veikinda barns	135	62,6	123	80,6	69	55,1

*Bráðabingðatölur

VIII. Dvalarstyrkur

Samkvæmt X. kafla laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020 getur barnshafandi foreldri sótt um sérstakan styrk vegna skerts aðgengis að fæðingarþjónustu þegar sérfræðilæknir foreldris metur það nauðsynlegt að barnshafandi foreldri dvelji fjarri heimili sínu í tengslum við nauðsynlega þjónustu vegna fæðingar barns, svo sem vegna fjarlægðar, færðar, óveðurs, verkfalls eða áhættumeðgöngu. Heimilt er að greiða foreldrinu sérstakan styrk í allt að 14 daga fyrir áætlaðan fæðingardag barns en allt að 28 daga sé um fjölburameðgöngu að ræða, sem og þá daga sem meðganga varir fram yfir áætlaðan fæðingardag, enda dvelji foreldri fjarri heimili sínu þá daga sem um ræðir. Dvöl barnshafandi foreldris á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun telst ekki hluti af tímabilinu. Fæðist barn fyrir áætlaðan fæðingardag fellur réttur foreldris niður frá og með fæðingardegi barns. Réttur til styrksins fellur niður sex mánuðum eftir fæðingardag hafi umsókn ekki borist fyrir þann tíma.


Tafla 9 sýnir fjölda þeirra sem fengu dvalarstyrk á árunum 2021 til 2025 og hversu margir dagar voru afgreiddir að meðaltali. Hafa ber í huga að enn er hægt að sækja um vegna barna sem fæðst hafa í síðustu mánuðum ársins 2025 og því geta þær tölur tekið breytingum.

Tafla 9. Fjöldi barnshafandi foreldra sem fengu afgreiddan dvalarstyrk á árunum 2021-2025.

	Fjöldi barnshafandi foreldris	Dagar að meðaltali
2021	59	14,0
2022	65	13,0
2023	97	12,0
2024	100	13,0
2025*	115	12,0

*Bráðabirgðatölur

Mynd 13 sýnir hvernig dvalarstyrkur hefur dreifst árin 2021 til 2025 eftir landshlutum. Stærsti hluti þeirra sem fá afgreiddan dvalarstyrk eru að koma frá Vestmannaeyjum, Höfn í Hornafirði, Egilsstöðum og Patreksfirði. Á þessum stöðum er ekki um fæðingarþjónustu að ræða og vegalengdir geta verið langar í nauðsynlega þjónustu.



Mynd 13. Skipting dvalarstyrks eftir landshlutum árin 2021-2025.

IX. Foreldraorlof

Samkvæmt XI. kafla laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020 skal foreldri eiga rétt á foreldraorlofi í fjóra mánuði til að annast barn sitt. Réttur til töku foreldraorlofs fellur niður við átta ára aldur barns með þeirri undantekningu ef barn greinist síðar með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun áður en það verður fullra 18 ára. Vinnumálastofnun skal berast afrit tilhögunar foreldraorlofs milli vinnuveitanda og starfsmanns. Foreldraorlofi fylgir ekki réttur til greiðslu launa úr Fæðingarorlofssjóði.


Tafla 10 sýnir fjölda einstaklinga og tekna daga að meðaltali árin 2023, 2024 og 2025. Á árinu 2023 voru 11 einstaklingar sem nýttu sér rétt til töku foreldraorlofs, tveir feður og 10 mæður. Að meðaltali tóku feður 90 daga og mæður 73 daga. Árið 2024 nýtti enginn faðir sér foreldraorlof en 10 mæður og var meðaldagafjöldi þeirra 73 dagar. Árið 2025 nýtti einn faðir sér foreldraorlof og fjórar mæður og var meðaldagafjöldi föður 187 dagar en 85,8 dagar hjá mæðrum.

Tafla 10. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér rétt til foreldraorlofs árin 2023-2025.

2023		
	<u>Fjöldi einstaklinga</u>	<u>Meðaltal daga</u>
Karlar	2	90
Konur	10	73
2024		
	<u>Fjöldi einstaklinga</u>	<u>Meðaltal daga</u>
Karlar	-	-
Konur	10	92,2
2025		
	<u>Fjöldi einstaklinga</u>	<u>Meðaltal daga</u>
Karlar	1	187
Konur	4	85,8

X. Stafvæðing Fæðingarorlofssjóðs

Árið 2021 hófst vinna við að stafvæða umsóknarferli Fæðingarorlofssjóðs í samvinnu við Stafrænt Ísland. Frá ársbyrjun 2022 hafa foreldrar getað nýtt þá leið til að sækja um fæðingarorlof. Jafnt og þétt hefur stafrænum umsóknum frá foreldrum fjölgað. Á fyrsta árinu voru umsóknirnar 4486 eða 57,78% af heildarfjölda umsókna en árið 2023 voru þær komnar upp í 7161 eða 89,74% af heildarfjölda umsókna. Enn er hægt að sækja um fæðingarorlof vegna fæðingarársins 2024 en stafrænar umsóknir sem tilheyra því ári eru orðnar 7317 eða 91,25% af heildarfjölda umsókna. Þá hafa borist 7634 stafrænar umsóknir vegna fæðingarársins 2025 eða 97,46% af heildarfjölda umsókna. Mynd 14 sýnir hlutfall stafrænna umsókna af heildarfjölda umsókna frá því stafræna umsóknaferlið opnaði árið 2022 til loka árs 2025.



Mynd 14. Hlutfall fjölda umsókna sem bárust í gegnum stafrænt umsóknarferli, 2022 til 2025.



VINNUMÁLA
STOFNUN

Júní 2026